

Sumarferð Skaftfellingafélagsins

Laugardaginn 6. júní verður farin hin árlega sumarferð félagsins. Lagt verður af stað frá Breiðholtskirkju í Mjódd, kl. 10. Komið við í Hellisheiðarvirkjun, þá farið austur í dýrasafnið á Stokkseyri. Eftir það verður ekið upp Grafning og Mosfellsheiði að Gljúfrasteini og safnið skoðað ef tími vinnst til.

Verð fyrir rútuferð og söfn er kr. 5.000

Skráning og upplýsingar hjá Skúla í síma 864 3415 til og með 3. júní.



Frá námskeiði í grisjun skóga sem haldið var 24. apríl 2009
Aðalsteinn, Sæmundur, Erna, Gunnar, Þorsteinn, Helena Marta, Ingibjörg og Gunnþóra

Heimasíða Skaftfellingafélagsins – <http://skaft.is>

Skaftfellingafélagið vill minna félagsmenn á heimasíðu félagsins, en þar er nú hægt að skiptast á skoðunum og koma á framfæri hugmyndum um félagsstarfið. Þegar fram í sækir verður svo væntanlega hægt að spara útsendingu fréttabréfs í pósti.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2008-2009

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	660 2404	armann@verktaki.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is
Varamenn			
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315	gulla@straumur.net
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeirb@simnet.is
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177	jrbass@mmedia.is

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.



Mýrdalshreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

2. tbl. maí 2009

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga Seltjarnarneskirkja sunnudaginn 10. maí 2009, kl. 14**

- **Vorkaffi Skaftfellinga Safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 10. maí 2009, kl. 16**

- **Aðalfundur Skaftfellingafélagsins fimmtudaginn 14. maí 2009 kl. 20:30**

- **Hreinsunardagur í Heiðmörk laugardaginn 16. maí 2009, kl. 10-15**

- **Sumarferð Skaftfellingafélagsins laugardaginn 6. júní 2009**

- **Skálm Miðvikudaga kl. 19:30 Laugardaga kl. 11**

- **Heimasíða www.skaft.is**

Vortónleikar

Söngfélag Skaftfellinga heldur sína árlegu vortónleika í

Seltjarnarneskirkju
10. maí 2009, kl. 14:00

Á efnisskránni eru innlend og erlend sönglög.

Einsöngur

Jóna G. Kolbrúnardóttir, sópran

Stjórnandi

Friðrik Vignir Stefánsson

Meðleikarar

Jón Elfar Hafsteinsson, gítar
Jón Rafnsson, kontrabassi
Vignir Þór Stefánsson, píanó

Aðgangseyrir kr. 1.500

Vorkaffi

Í framhaldi af tónleikum Söngfélagsins um kl. 16, er öllum boðið til kaffisamsætis í safnaðarheimili kirkjunnar.

Til félagsmanna

Kostnaður við útgáfu fréttabréfs félagsins hefur aukist verulega síðustu misserin. Þá helst í prentkostnaði og pósthúðargjöldum og er nú svo komið að stjórn félagsins sér ekki fram á annað en að draga verði verulega úr útgáfunni, t.d. með því að fækka útgefnum tölublöðum um helming, úr fjórum í tvö á vetri, einu í byrjun vetrar og öðru í upphafi árs. Við viljum því fara þess á leit við þá félagsmenn sem geta látið sér nægja að fá bréfið í tölvupósti eða skoða það á vefsíðunni (skaft.is) að senda okkur línu þess efnis, en þannig mætti draga verulega úr kostnaði. Útsend bréf í dag eru u.þ.b. 1020 og kostnaður hverju sinni um 100 þúsund, alls um 400 þúsund kr. á ári. Sendið okkur endilega línu um skoðun ykkar á þessu eða hringið í stjórnarmenn og ræðið málin um útgáfu fréttabréfsins eða hvað annað sem ykkur liggur á hjarta um starfsemi félagsins. Í því sambandi má einnig minna á gestabók á heimasíðunni. Hugmyndin er að fara í gegnum félagaskrána í haust og hafa samband við alla sem ekki hafa þá þegar tjáð sig – en vonandi verða það sem flestir.

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 14. maí 2009, kl. 20:30 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Venjuleg aðalfundarstörf.

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.

Alla miðvikudaga er gengið frá Lækjarási þjálfunarstofu v/Stjörnugróf, upp Elliðaárdal að Árbæjarlaug og niður dalinn norðanmegin. Vegalengd er um 7 km, um 70 mín. gangur. Þá laugardaga sem gengið er á fjöll skal gera ráð fyrir allt að fjórum tímum í þær ferðir.

Nánari upplýsingar í síma 891 7354.

Næstu göngur verða sem hér segir:

16.5: Hreinsunardagur í Heiðmörk

23.5: Helgafell í Hafnarfirði

30.5: Esja

6.6: Esja

13.6: Vífilsfell

20.6: Esja

25.-28.6: Sumarskál Hellismannaleið

Hellismannaleið er nýstíkuð u.þ.b. 50 km gönguleið frá Rjúpnavöllum vestan Heklu í Landmannalaugar. Þriggja daga ferð þar sem hafst er við í skálum að nóttunni og trússað milli gististaða.

Nánar um ferðina í „Skálm“ á facebook.

Miðvikudagar til 15. okt.:

kl. 19:30 Elliðaárdalur frá Lækjarási (á Víkingssvæði)

Laugardagar til 15. okt.:

kl. 11:00 Heiðmörk - Furulundur.

Sjá einnig heimasíðuna www.skaft.is

Hreinsun og grisjun í Heiðmörk laugardaginn 16. maí

Þessa dagana er staðið í stórframkvæmdum í „Skaftafelli“, reit félagsins í Heiðmörk og þess vænst að reiturinn verði tilbúinn til samkomuhalds á 70 ára afmæli Skaftfellingafélagsins næsta sumar. Nú er hafin lagning malarstígs inn að flöt sem byrjað er að slétta, en ljúka þarf við að jafna og sá í flötina á næstu vikum. Flötin, sem ekki er langt frá bílastæðinu, er hugsuð sem samkomustaður fyrir félagsmenn, en síðar verða væntanlega settir upp bekkir og grillastaða.

Á næstu vikum þarf að halda áfram grisjun og stígagerð í reitnum og eru áhugasamir beðnir að setja sig í samband við Ingibjörgu Ingimundardóttur í síma 862 3433, en hún skipuleggur vinnuna þarna uppfrá. Þess er vænst að á hreinsunardeginum 16. maí verði búið að grisja sem mest. Vinnan þann dag færi aðallega í að bera það sem búið er að höggva út úr reitnum og kurla það í stiga.



Fjölmennum í Heiðmörk 16. maí

Dynskógar – Sögufélag Vestur-Skaftfellinga

Á þessu ári eru liðin 10 ár frá stofnun Dynskóga – Sögufélags Vestur-Skaftfellinga. Félagið var stofnað hinn 5. september 1998 og tók það þá við útgáfu héraðsritsins Dynskóga en útgáfa þess hófst 1982. Komin eru út 11. hefti af ritinu og er þar að finna margs konar fróðleik um mannlíf í héraðinu bæði fyrr og síðar. Öll heftin eru ríkulega myndskreytt.

Meðal efnis í síðasta hefti (11. hefti) eru greinar um Guðjón Samúelsson, húsameistara frá Hunkubökkum, Svein Pálsson, lækni og náttúrfraeðing, og minningar frá Einari Einarssyni, fyrrum djákna í Grímsey; grein um fornleifarannsóknir á Kirkjubæjarklaustri, sjósókn í Mýrdal, auk annála úr héraðinu ofl.


Nokkur fyrri hefti Dynskóga voru uppseld en hafa nú verið endurprentuð og fást nú öll heftin –ásamt nánari upplýsingum – hjá eftirtöldum:

Ólafíu Jakobsdóttur, Kirkjubæjarstofu, s: 487-4645

Sigþóri Sigurðssyni, Litla-Hvammi, s: 487-1277

Björgvin Salómonssyni, Skeiðarvogi 29, Reykjavík, s: 568-1827

Sigurgeir Jónssyni, Laufásvegi 47, Reykjavík, s: 561-7188



Bæjarstjórn Hornafjarðar

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars



Skaftárhreppur

óskar öllum Skaftfellingum gleðilegs sumars